

REGLUR

heimspekideildar Háskóla Íslands um veitingu starfa.

1. gr.

Málsmeðferð í skor og stofnun.

Þegar deildarforseti hefur fengið frá rektor dómnefndarálit, ásamt athugasemdum umsækjenda og svörum dómnefndar ef við á, sendir hann gögnin til skorar og stöðunefndar heimspekideildar, en hún er deildarforseta til ráðuneytis í stöðumálum. Dómnefndarálit og öll fylgigögn skulu send stöðunefndarmönnum og skorarmönnum með minnst einnar viku fyrirvara fyrir fund þar sem gera skal tillögu um veitingu starfs. Deildarforseti getur þó sent gögnin fyrst til stöðunefndar eingöngu telji hann málið þurfa sérstakrar skoðunar við. Telji stöðunefnd að gögnin séu ekki tæk til frekari afgreiðslu sendir hún þau aftur til rektors.

Á fundi skorarinnar skal formaður dómnefndar eða staðgengill hans úr dómnefnd gera grein fyrir álitinu. Skorarformaður getur farið þess á leit að allir dómnefndarmenn sitji fundinn. Að lokinni reifun formanns dómnefndar fara fram umræður um umsækjendur. Dómnefndarmönnum er heimilt að sitja fundinn meðan umfjöllun um álit þeirra fer fram. Þeir hafa málfrelsi í umræðunum og mega taka þátt í atkvæðagreiðslu um tillögu um veitingu starfsins ef þeir eiga atkvæðisrétt í viðkomandi skor. Þegar umræðum er lokið kjósa skorarmenn á milli umsækjenda. Á grundvelli atkvæðagreiðslunnar gerir skorin tillögu um hverjum beri að veita starfið. Hafi dómnefnd talið einn umsækjanda hæfastan og geri skor tillögu um að veita honum starfið, þarf ekki að rökstyðja þá tillögu frekar. Að öðrum kosti skal skorarformaður láta skriflegan rökstuðning fylgja tillögu meirihluta skorar.

Það sem hér (og í næstu greinum) er sagt um skorir (skorarformann og skorarmenn) á við um stjórn rannsóknastofnunar deildarinnar (stjórnarformann og stjórnarmenn) ef umsókn er til umfjöllunar hjá rannsóknastofnun.

2. gr.

Málsmeðferð stöðunefndar.

Að fengnu álitu skorar skal málið tekið fyrir á fundi í stöðunefnd. Nefndarmenn skulu fá öll viðbótarmálgögn frá skor í hendur með minnst tveggja daga fyrirvara. Stöðunefnd skal kynna sér öll gögn vandlega, enda er hlutverk nefndarinnar að leggja mat á það hvort rétt og eðlilega hafi verið staðið að meðferð málsins. Stöðunefnd tekur málið til afgreiðslu, gengur frá umsögn og sendir hana til deildar.

3. gr.

Undirbúningur deildarfundar.

Við boðun á deildarfund þar sem tillaga um veitingu starfs er til umfjöllunar skal senda dómnefndarálitið, ásamt fylgigögnum ef við á, til þeirra deildarmanna sem eiga atkvæðisrétt. Senda skal álit dómnefndar, tillögu skorar og umsögn stöðunefndar til deildarmanna með minnst viku fyrirvara.

4. gr.

Málsmeðferð á deildarfundi.

Á deildarfundi skal formaður dómnefndar eða staðgengill hans úr dómnefnd gera grein fyrir álitinu og skorarformaður skýra rökstudda tillögu skorar. Dómnefndarmönnum er heimilt að sitja fundinn meðan umfjöllun um álit þeirra fer fram. Þeir hafa málfrelsi í umræðunum og

mega taka þátt í atkvæðagreiðslu um tillögu um veitingu starfsins ef þeir eiga atkvæðisrétt á deildarfundi.

Að lokinni reifun formanns dómnefndar og skorarformanns fara fram umræður um málið. Þegar umræðum er lokið kjósa deildarmenn milli umsækjenda. Deildarforseta ber að fresta atkvæðagreiðslu krefjist helmingur fundarmanna þess. Tillaga um veitingu starfs á grundvelli dómnefndarálits telst ekki samþykkt nema meirihluti viðstaddra á deildarfundi hafi greitt umsækjanda atkvæði. Gildir þetta jafnt um nýráðningu sem um framgang í starf. Ef tveir eða fleiri umsækjendur eru í kjöri og enginn þeirra hlýtur hreinan meirihluta atkvæða í fyrstu umferð, skal kjósa aftur á milli þeirra sem flest atkvæði fengu.

5. gr.

Þátttaka stúdenta.

Fulltrúar stúdenta í stjórnunareiningum eiga ekki atkvæðisrétt þegar kosið er milli umsækjenda.

6. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundi í heimspekideild og hlotið staðfestingu háskólaráðs eru settar á grundvelli heimildar í 5. mgr. 12. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. og 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í þeim lögum, og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 2. janúar 2002.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.